

## Fundargerð hreppsnefndar 18. október 2018

Fundur nr. 10 kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 18. október 2018 í félagsheimilinu Miklagarði kl 16:00.

Mætt til fundar: Sigríður Bragadóttir, Bárður Jónasson, Ragna Lind Guðmundsdóttir, Teitur Helgason, Fanney Björk Friðriksdóttir, Bjartur Aðalbjörnsson og Björn Heiðar Sigurbjörnsson.

Einnig mættur Baldur Kjartansson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

### 1. 1. Fundargerðir

#### a. Fundargerð Hafnarnefndar 9.10.18

Fundargerðin samhljóða samþykkt. Sveitarstjóra falið að láta framkvæma viðhaldsáætlun fyrir höfnina eins og fram kemur í lið 4a. Varðandi lið 3: Tryggt verði að ásýnd Friðarskers raskist sem minnst við uppsetningu innsiglingaljóss.

### 1. 2. Almenn mál

#### a. Samþykkt velferðarnefndar

Samþykkt breytt á þann veg að í 2. gr komi fram að kalla skuli eftir tilnefningu Sjálfsbjargar á áheyrnarfulltrúa þegar fjallað er um málefni er varða ferlimál. Samhljóða samþykkt.

Því er beint til Velferðarnefndar að óska eftir tilnefningu Sjálfsbjargar á áheyrnarfulltrúa.

#### b. Úthlutun byggðakvóta

Atvinnu- og ferðamálanefnd falið að útbúa umsókn um byggðarkvóta í samstarfi við sveitarstjóra og skila til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis fyrir 1. nóvember 2018. Samhljóða samþykkt.

c. Jónsver

Lagt fram bréf frá stjórn Jónsvers um starfsemi félagsins. Sveitarstjórn fagnar því að verið sé að endurskipuleggja rekstur Jónsvers. Jónsver sinnir mikilvægri starfsemi og því brýnt að allar leiðir séu skoðaðar til að tryggja áframhaldandi rekstur félagsins. Samhljóða samþykkt.

d. Hreindýraverkefni í Vopnafirði

Sveitarstjórn óskar eftir ítarlegri gögnum um verkefnið til að geta veitt umsögn um það. Samhljóða samþykkt.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 16:49

[Dagskrá hreppsnefndar 18. október 2018.pdf](#)